

Fjölnota hraðall fyrir frumkvöðla með stutta skólagöngu

Senza Partners ehf.

Lok verkefnis: 29.6.2021

1. Heiti verkefnis og nafn styrkþega

Fjölnota hraðall fyrir frumkvöðla með stutta skólagöngu. Senza Partners ehf.

2. Um verkefnið

Í verkefninu fólst að þróa fjölnota hraðal fyrir frumkvöðla með stutta skólagöngu að baki í formi þjálfunarbúða og námsefnis. Hluti námsins fór fram í fjarnámi eða vendikennslu. Tæplega 90 teymi, fyrirtæki eða einstaklingar hafa nú útskriftast eða klárað hraðal Senza.

3. Markmið verkefnis

Markmið verkefnisins er að þróa fjölnota hraðal sem hjálpar frumkvöðlum með stutta formlega skólagöngu að baki að ramma inn viðskiptaáætlanir, móta stefnu, gera fjárfestakynningar, æfa framsögu og skrifa styrksóknir.

4. Hverjir voru helstu samstarfsaðilar?

Hraðlar voru framkvæmdir í samvinnu við SSNV og Vestfjarðastofu, MSS og Vinnumálastofnun.

5. Hver er helsti ávinningur af verkefninu fyrir markhóp framhaldsfræðslunnar?

Að styðja við fólk sem hefur stutta skólagöngu að baki við að koma frumkvöðlahugmyndum sínum á næsta stig með því að móta viðskiptaáætlun, stefnu, fjárfestakynningu og skrifa styrksóknir. Jafnframt að æfa sig í framsögu.

6. Lokaafurð/ir verkefnis

Þjálfunarbúðir í fjármögnun sprota- og nýsköpunarverkefna.